



VIÐBRÖGÐ KÓPAVOGSBÆJAR OG REYKJAVÍKURBORGAR VIÐ INNSENDUM UMSÖGNUM OG ATHUGASEMDUM

**Deiliskipulag Arnarnesvegar, 3. áfangi, frá Rjúpnavegi í Kópavogi að
Breiðholtsbraut í Reykjavík. Deiliskipulag**

13.05.2022



Inngangur

Umrætt svæði, sem deiliskipulag 3.áfanga Arnarnesvegjar nær til, er ódeiliskipulagt. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019 til 2040, sem var staðfest 28. desember 2021 er á svæðinu gert ráð fyrir stofnbraut, stofnstígum með göngu- og hjólaleiðum, undirgöngum eða göngubrúum og opnum svæðum. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem var uppfært í Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt 21. desember 2021 í borgarstjórn og tók gildi með birtingu í b-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022, er í fullu samræmi við deiliskipulagstillögu 3.áfanga Arnarnesvegjar.

Ferill málsins

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 29. mars 2021 var lögð fram tillaga verkfræðistofunnar Eflu fh. Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar dags. 19. mars 2021 að deiliskipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulags fyrir 3. áfanga Arnarnesvegjar og samþykkti skipulagsráð framlagða skipulagslýsingu og að hún verði kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lýsingu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 13. apríl 2021 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Skipulagslýsingin var auglýst í Fréttablaðinu 24. apríl 2021 og í lögbirtingarblaði í framhaldi af því og send var tilkynning til hagsmunaaðila 27. apríl 2021 í samræmi við 40. gr. skipulagslaga.

Frestur til að skila inn athugasemdum var til 25. maí 2021.

Athugasemdir og ábendingar bárust og voru þær lagðar fram á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 7. júní 2021.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 21. júní 2021 samþykkti skipulagsráð að vinna við gerð deiliskipulags 3. áfanga Arnarnesvegjar verði hafin með vísan til umsagna, athugasemda og ábendinga sem fram komu á kynningartíma skipulagslýsingar. Vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs.

Á fundi umhverfis og samgöngunefndar Kópavogs 29. júní 2021 var erindið lagt fram og niðurstaða skipulagsráðs Kópavogs frá 21. júní 2021 staðfest.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs var niðurstaða skipulagsráðs staðfest.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs, þann 20. desember 2021, var lögð fram tillaga verkfræðistofunnar Eflu f.h. Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar dags. 13. desember 2021 að deiliskipulagi 3. áfanga Arnarnesvegjar.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur samþykkti að auglýsa tillöguna á fundi sínum 15. desember 2021

Borgarráð samþykkti að auglýsa 6. janúar 2022

Samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur þann 25. febrúar 2022 að framlengja athugasemdarfrest til 11. mars 2022

Deiliskipulagstillagan nær til þess hluta Arnarnesvegjar sem liggur frá gatnamótum Rjúpnavegjar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar og er um 1,9 km að lengd. Við gatnamót Rjúpnavegjar og Arnarnesvegjar er gert ráð fyrir nýju hringtorgi sem og við gatnamót Vatnsendavegjar og Arnarnesvegjar. Þá er gert ráð fyrir fjögurra akreina brú yfir Breiðholtsbraut og tengingu við Breiðholtsbraut með ljósastýrðum gatnamótum. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegjar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti hans liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskilinn hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú / vistloki yfir Arnarnesveginn. Gert er ráð fyrir undirgöngum eða brú yfir Arnarnesveg við gatnamót Rjúpnavegjar og undirgöngum undir Vatnsendaveg nálægt fyrirhuguðu hringtorgi. Mörk



skipulagssvæðis Arnarnesvegjar skarast við skipulagsmörk í gildandi deiliskipulagi Hörðuvalla frá 2003, Vatnsendahvarfs - athafnasvæðis frá 2001 og Vatnsendahvarfs - athafnasvæðis, svæðis 3 frá 2007 og verða gerðar breytingar á umræddum deiliskipulögum samhliða deiliskipulagi Arnarnesvegjar. Almennt er gert ráð fyrir að skipulagsmörk liggja nálægt veghelgunarlínu Arnarnesvegjar nema við Desjakór og Lymkulág þar sem mörkin eru nær sveitarfélagamörkum. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og 1:1000 dags 13. desember 2021 ásamt greinargerð dags. 13. desember 2021.

Skipulagsráð Kópavogs samþykkti með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu að deiliskipulagi. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs, þann 21. desember 2021, var erindið lagt fram og kynnt.

Á fundi bæjarstjórnar 11. janúar 2022 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Tillagan var auglýst í fréttablaðinu og lögbirtingarblaði þann 21. janúar 2022. Frestur til að gera athugasemdir var til 11. mars 2022.

Við auglýstar tillögur bárust alls 11 umsagnir frá umsagnaraðilum og um 18 erindi með athugasemdum, sem flokkaðar eru eftir efnistökom og útdrátt þeirra er að finna hér að neðan. Athugasemdir og umsagnir eru teknar fyrir með aðskildum hætti, fyrri tafla fer yfir þær umsagnir sem bárust (frá umsagnaraðilum) en síðari tekur saman athugasemdir (frá almenningi).

UMSAGNIR FRÁ STOFNUNUM OG HVERFISSAMTÖKUM

Óskað var eftir umsögnum þann 27. janúar 2022 frá; Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Íbúaráði Breiðholts, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins og Veitum.

Eftirfarandi umsagnir bárust frá:

1. Minjastofnun Íslands, með bréfi dags. 8. febrúar 2022.
2. Veðurstofu Íslands, með bréfi dags. 28. febrúar 2022.
3. Vegagerðin, með bréfi dags. 28. febrúar 2022.
4. Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 4. mars 2022.
5. Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. tölvupóstur dags. 4. mars 2022.
6. Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes, með bréfi dags. 7. mars 2022.
7. Íbúaráði Breiðholts, með bréfi dags. 8. mars 2022.
8. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, með bréfi dags. 10. mars 2022.
9. Skipulagsstofnun, með bréfi dags. 16. mars 2022.
10. Veitum, með tölvupósti dags. 7. apríl 2022.
11. Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins, með tölvupósti/bréfi dags. 20. apríl 2022.

Umsögnunum er svarað hér að neðan og brugðist hefur verið við þeim í uppfærðri greinargerð og skipulagsuppdrætti.

Umsagnirnar í heild sinni fylgja með í viðhengi merktu, **Fylgiskjal 1 - Umsagnir**, sem er að finna aftan við svörum og viðbrögðum verkfræðistofnunnar EFLU, fyrir hönd Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar



ALMENNAR ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá eftirfarandi:

1. Oddi Val Þórarinssyni, með tölvupósti dags. 26. febrúar 2022.
2. Ívari Erni Lárussyni, Sunnubraut 30, með tölvupósti dags. 1. mars 2022.
3. Ólafi Björnssyni fh. Vini Kópavogs, með bréfi dags. 1. mars 2022.
4. Ríkarði Sigmundssyni, Garminbúðinni með tölvupósti dags. 3. mars 2022.
5. Edvardi G. Guðnasyni, Straumsölum 5, með bréfi dags. 7. mars 2022.
6. Kristjáni Jónssyni, Fákahvarfi 18, með tölvupósti dags. 8. mars 2022.
7. Helgu Kristínu Gunnarsdóttir fh. Vinir Vatnsendahvarfs með bréfi dags. 10. mars 2022.
8. Bjarna Gunnarssyni, með tölvupósti dags. 10. mars 2022.
9. Helga S. Ólafssyni, með tölvupósti dags. 10. mars 2022.
10. Einari Kristinni Haukssyni, með tölvupósti dags. 10. mars 2022.
11. Sveinborgu H. Gunnarsdóttur, Jakaseli 8, með tölvupósti dags. 11. mars 2022.
12. Elísabetu G. Jónsdóttir, með tölvupósti dags. 8. mars 2022.
13. Elísabetu Raket Sigurðardóttur, með tölvupósti dags. 10. jan. 2022.
14. Valgerði Helgadóttir, Klyfjaseli 18, með tölvupósti dags. 4. mars 2022.
15. Guðbrandi Gimmel, Jakaseli 14, með tölvupósti dags. 10. mars. 2022.
16. Hjalta Atlasyni, með tölvupósti dags. 10. mars 2022.
17. Ólafíu Pálmadóttir, með tölvupósti dags. 16. mars 2022.
18. Bernhard Ólasyni og Soffía Eiríksdóttur, Kleifarkór 22 og Aleksandra Kojic og Heiðari Ásberg Atlasyni Kleifakór 25, með tölvupósti dags. 18.mars. 2022.

Efnislega er athugasemdunum svarað hér að neðan. Sökum þess að í mörgum tilfellum eru sömu athugasemdirnar að koma margsinnis fyrir er brugðist við með því að flokka þær niður efnislega og svara þeim þannig. Þar sem við á hefur verið brugðist við með því uppfærða greinargerð og skipulagsupprætti.

Athugasemdirnar um önnur ummæli fylgja í heild sinni með í viðhengi merktu, **Fylgiskjal 2 – Athugasemdir og ábendingar**, sem er að finna aftan við með svörum og drögum að viðbrögðum verkfræðistofnunnar EFLU, fyrir hönd Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar

Umsagnir við deiliskipulag Arnarnesvegjar, 3. áfanga, frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtsbraut í Reykjavík. Deiliskipulag

Í töflunni hér fyrir neðan eru tekin saman efnisleg atriði úr umsögnum umsagnaraðila við auglýstar tillögur og sett fram viðbrögð Kópavogs og Reykjavíkurborgar við þeim atriðum.

NR.	UMSÖGN/UMSAGNARAÐILI	SVÖR KÓPAVOGS OG REYKJAVÍKURBORGAR
1.	MINJASTOFNUN ÍSLANDS	
1.1	Minjastofnun Íslands telur skráningu menningarmínja í samræmi við lög og telst fullnægjandi til afgreiðslu þessa skipulags. Þó eru gerðar athugasemdir sem eru eftirfarandi liði.	Mótttekið. Minjastofnun bendir á að vísa í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012 og uppfæra tilvísanir í hvað varðar stofnana heiti. Var



		<i>greinargerðin leiðrétt í samræmi við athugasemdir Minjastofnunar.</i>
1.2	Gerð er athugasemd að vísað er í Minjavernd Íslands þar sem á að vera Minjastofnun Íslands.	<i>Viðkomandi víxlum á milli Minjastofnunar og Minjaverndar hafa verið uppfærðir í greinargerð.</i>
1.3	Stofnunin fer fram á að Markarsteinn (216:004) og Vatnsendavegur (215:007) verði merktir á meðan á framkvæmdum stendur ástamt 15 metra friðhelgunarsvæði þeirra.	<i>Brugðist hefur verið mið þessari kröfu í greinargerð.</i>
2.	VEÐURSTOFA ÍSLANDS	
2.1.	Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	<i>Móttekið.</i>
3.	VEGAGERÐIN	
3.1.	Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.	<i>Móttekið.</i>
4.	UMHVERFISSTOFNUN	
4.1.	Umhverfisstofnun (UST) bendir á mikilvægi að það komi fram í greinargerð að samkvæmt auglýsingu nr.1385/2021 er blátoppa (<i>sesleria albicans</i>) friðuð í samræmi við 1.mgr. 56.gr. laga um náttúruvernd, nr.60/2013. Í 57.gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerðir er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. UST bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð.	<i>Móttekið. Orðið verður við þessu og þessu komið inn í greinargerð.</i>
4.2.	UST bendir á að óska skal eftir annarri umsögn áður en framkvæmdarleyfi er gefið út þar sem umsögn Umhverfisstofnunar uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga.	<i>Leitað verður eftir annarri umsögn Umhverfisstofnunar eins og bent er á að gera. Þá verður hægt að meta þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem verður gripið til, til þess að vernda búsvæði blátoppu og innan framkvæmdarsvæðisins og verja gegn ágangi annarra plöntutegunda á svæðinu líkt og er í dag.</i>
4.3.	UST telur lítinn ávinning á því að halda svarflagi til haga og kostnarsama aðgerð, sérstaklega sökum þess hver lúpína er ríkjandi planta á svæðinu.	<i>Tekið verður tillit til þessarar athugasemdar og lögð áhersla á að safna frekar saman blátoppu hnippum sem verða geymdir til hliðar á meðan framkvæmdu stendur og koma aftur fyrir viðkomandi gróðurtekju inn á framkvæmdarsvæðinu eftir að framkvæmdum líkur. Með þessu má aðgreina Blátoppu að einhverju leiti frá lúpínunni sem hefur yfirtekið mógróðurinn.</i>
4.4.	UST bendir á að hávaði á framkvæmdartíma og frá umferð geti valdið neikvæðri upplifun gesta sem heimsækja Elliðaárdal og útivistarsvæðið á Vatnsendahæð og í Vetrargarði. Afmörkun yfirlitsmyndar (hljóðstig) nái lengra til norðurs.	<i>Vitað er að hávaði verður á framkvæmdartíma, en vinnutími verður í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða sbr. „hávaðasamar framkvæmdir“ og „sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir“.</i>



		<i>Ekki er talin ástæða til þess að fara lengra til norðurs með hljóðkortið því svæðið við hjólastíginn í Elliðaárdal er grænt og þar gilda ekki sömu kröfur um hljóðvist. Hvað varðar Vetrargarðinn þá er hann utan svæðis en þar stendur til að fara í landmótun með efni úr framkvæmdinni, til þess að bæta hljóðvist, en svæðið er hins vegar utan við deiliskipulagið og því ekki aðhaft frekar að meta það svæði. Sjá einnig umsögn 9.1</i>
4.5.	UST bendir á að ekki komi fram við hvaða gagna sé horft til þegar loftmengun frá bílaumferð er metin óveruleg. UST telur æskilegt að gert yrði dreifilíkan sem sýnir ársmeðaltal mengunarefna á fyrirhuguðum íbúðarsvæðum.	<i>Rétt er að ekki hafa verið gerð dreifilíkan um loftmengun af svæðinu, en út frá hæðarlegu og legu lands er loftmengun talin óveruleg sé litið til mælinga frá sambærilegum aðstæðum. Hins vegar er stendur til að koma upp snjallmælum áður en framkvæmdir hefjast til þess að fylgjast með loftgæðum á svæðinu. Sjá einnig umsögn 9.1</i>
4.6.	UST bendir á neikvæð áhrif hvað varðar ásynd fyrir íbúa í Fellahverfi sem og útivistarsvæðinu í Elliðaárdal og ítrekar mikilvægi mótvægisáðgerða. UST telur að fjalla þurfi um áhrif framkvæmda á ásynd lands fyrir íbúa Fellahverfis.	<i>Brugðist hefur verið við athugasemdir sem þessum og frá upphafi lögð áhersla að draga úr ásynd gatnamótanna og brúarinnar. Bent er á að hljóðmön og kvöð um stórt gróðurbelti í fláarfæti fyllingarinnar mun að stórum hluta gera gatnamótin lítt sýnileg frá Elliðaárdalnum, sem og frá Fellahverfinu.</i>
5.	NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS	
5.1.	Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að blátoppa sé friðuð og vísar til auglýsingu nr. 1385/2021 um friðum æðplanta, mosa og fléttna. Einnig er bent á að óska skal umsagnar áður en framkvæmdarleyfi er gefið út.	<i>Móttekið.</i>
5.2.	Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að skoða nánar gróðurfur svæðisins með tillit til útbreiðslu blátoppu og er nauðsynlegt að gera það áður en framkvæmdir hefjast til þess að leggja mat á æskilegar mótvægisáðgerðir. Bent er á að áðgerðir beinast bæði gegn frekari útbreiðslu lúpínu og til verndunar blátoppu.	<i>Vitað er að blátoppa myndar þúfur og gert er ráð fyrir að taka til hliðar þúfur þar sem blátoppa er ríkjandi planta og leggja til hliðar á meðan framkvæmdum stendur. Eftir framkvæmdir verður farið aftur með blátoppuna inn á svæðið og þúfurnar lagðar út. Með þessu má aðgreina blátoppuna frá lúpínunni. Þessi framkvæmd verður gerð í samráði við umsagnaraðila sem bent hafa á mikilvægi þess að verja blátoppuna sökum friðunar hennar og stöðu annarrar flóru svæðisins vegna ágengni lúpínu á framkvæmdarsvæðinu.</i>
5.3.	Náttúrufræðistofnun bendir á að skoðað verði hvernig verja megi minnisvarða um jarðsögu svæðisins og þá grágrýtisurð á Vatnsendahæðinni sem er merki um gamla sjávarstöðu. Grágrýtið er einnig mikilvægt undirlag fyrir fjölbreytta fléttu- og mosaflóru.	<i>Tekið verður tillit til þessa þáttar og grágrýtisurðinni komið í var á framkvæmdartíma þar sem því verður komið við. Eftir að framkvæmdum er lokið er grágrýtisurðinni komið til baka, næst því svæði sem hún var tekin frá, eða þar sem hún fellur vel að landslagi og um leið verður blátoppu torfunum komið fyrir samhliða og saman með stórgrýtinu. Með</i>



		<i>Þessu móti verður hægt að verja bæði minjar um horfna sjávarstöðu og friðaða flóru svæðisins.</i>
6.	HEILBRIGÐISEFTIRLIT GARÐABÆJAR, HAFNARFJARÐAR, KÓPAVOGS, MOSFELLSBÆJAR OG SELTJARNARNES	
6.1.	Heilbrigðiseftirlitið leggst ekki gegn áformuðum framkvæmdum en leggur mikla áherslu á að hljóðvist verði góð í námunda nýs vegar og bendir á að hljóðvist í nærliggjandi hverfum muni batna, sem hlýst af minni umferð á öðrum svæðum.	<i>Við útfærslum á hljóðvistarlausnum er ávallt farin sú leið að ná hljóðstigi niður fyrir reglugerðarmörk, en ekki lægra þar sem hærrí hljóðveggir draga jafnan út útsýni samhliða betri hljóðvist.</i>
7.	ÍBÚARÁÐ BREIÐHOLTS	
7.1.	Fulltrúi íbúasamtaka Breiðholts telur að framkvæmdin sé í engum takt við þarfir íbúa og leggur til að áformin verði endurskoðuð með þarfir Breiðhýltinga í huga. Skoða ætti hvort minnka ætti framkvæmdina og einskorða hana við umferð Borgarlínu og forgangsakstur, en ekki almenna umferð.	<i>Mat hefur verið lagt á þörf á umferðarmannvirkjum af þessari stærðargráðu og svokallaðri núll lausn sem fellst í því að gera ekki neitt. Hins vegar er það svo að umferðaspár gera ráð fyrir aukinni umferð, og ef ekki kæmi til nýrrar stofnbrautar færi sú aukning um tengibrautir við íbúðarbyggð sem ekki eru hannaðar fyrir slíkan umferðþunga. Arnarnesvegurinn er því að mati þeirra sem unnið hafa spár um umferðarþunga nauðsynleg fyrir höfuðborgina í heild og samræmist aðalskipulagsáætlunum beggja sveitarfélaga.</i>
7.2.	Íbúarráð Breiðholts leggur til að kannað verði lagning á nýjum stofnstíg að vestanverðu með tengingu inn í Seljahverfi samhliða þessari framkvæmd. Ráðið kemur með ábendingar um áningu, loftgæðamæli, gróður, hljóðvist og fleira.	<i>Þetta var kannað, sem og stígur að vestanverðu og var vel tekið í það. Hins vegar var það niðurstaða að hönnun innan Vetrargarðsins og á svæðinu að vestanverðum Arnarnesveginum skildi haldið utan við þetta skipulag og tekið frekar með uppbyggingu sem ætti sér stað þegar frekari framkvæmdir hæfust í Vetrargarðinum og nærsvæði hans. Sveitarfélögin þakka innsendar ábendingar, og benda á að við hönnun vegstæðis og mannvirkis verður hugað nánar að í hönnunarferli og þar verða útfærðar hljóðmanir, áningarsvæði og gróður.</i>
8.	HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR (HER)	
8.1.	HER telur að gera verður betur grein fyrir hljóðvist í tillögunni. Þar er sérstaklega bent á að þó reistir séu veggir og hljóðmanir og hljóðvist metin í 2 m hæð, getur hljóð borist á efri hæð húsa og æskilegt að meta hljóðstig þar líka. Einnig er bent á að hljóð getur borist óhindrað að íbúðarbyggð í Breiðholti og útivistarsvæðum þar.	<i>Þegar hljóðstig er metið á íbúðarsvæðum er hljóðstig á efri hæðum húsa einnig metið. Það er gert til þess að meta lágmarkshæð hljóðveggja og hljóðmana. Hvað varðar útivistarsvæði í Breiðholti þar er fyrirhugað að nota efni sem kemur úr vegaf framkvæmdinni til þess að bæta hljóðvist Vetrargarðs megin og verður landmótun hugsuð út frá því samhliða.</i>



8.2.	HER telur að kanna verði sérstaklega hávaða sem berst frá brúarsvæðinu og hvernig má bæta hljóðvist í nærsvæði brúarinnar sem og rampann niður að Breiðholtsbraut.	<i>Í hljóðútreikningum hefur verið litið til þessara þátta og áhrif á hljóðvist í Fellahverfi metin því samhliða.</i>
8.3.	HER telur að meta verði samlegðaráhrif mengunar af Breiðholtsbraut og Arnarnesvegur. Her bendir einnig á að óraunhæft sé að koma fyrir loftgæðamiðstöð, en bendir á að möguleiki er að koma fyrir snjallmælum sem geta vaktað loftgæði svæðisins.	<i>Vegna ábendinga verður leitast við að koma fyrir snjallmælum áður en framkvæmdir byrja til þess að mæta loftgæði á svæðinu í samráði við Heilbrigðiseftirlitið, bæði hvað varðar rykmengun og gasmengun með vísun í reglugerð nr. 920/2016.</i>
9.	SKIPULAGSSTOFNUN	
9.1.	Skipulagsstofnun bendir á að skoða þurfi hvort setja beri skipulagsákvæði um verklag á framkvæmdartíma með hliðsjón af svifryksmengun og hávaða.	<i>Við útgáfu á framkvæmdarleyfi verður tekið mið af gildandi lögum og reglum hvað varðar hávaða á verkstað og leyfilegan vinnutíma.</i>
9.2.	Stofnunin bendir á að skoða þurfi afmörkun deiliskipulagsins í samræmi við hverfisskipulag Breiðholts.	<i>Þetta hefur verið gert í samráðsfundum með ráðgjöfum skipulaganna og skipulagsmörkin aðlöguð þannig að þau samræmast núna.</i>
10.	VEITUR	
10.1.	Veitur gera ekki athugasemdir við tillöguna.	<i>Mótttekið.</i>
11.	SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS	
11.1.	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bendir á að huga þarf að brunaöryggi og hættunni sem fylgir eldsvoða undir vistlokum. Þetta á sérstaklega við ef útfærslan á vistlokinu væri léttara en önnur hefðbundnari lok.	<i>Greinargerðin hefur verið uppfærð og komið inn á kröfur um brunahönnun í vistlokum sem þessum. Á Íslandi er farið eftir norskum stöðlum (NS 500) við hönnun jarðganga en þar er ekki gerð krafa um brunavarnir í jarðgöngum eða vistlokum sem eru innan við 500 metra löng, eins og í þessu tilfelli.</i>

Athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi að 3. áfanga Arnarnesvegur

Í töflunni hér fyrir neðan eru tekin saman viðbrögð og svör sveitarfélaganna og við þeim athugasemdum sem bárust á kynningartíma og hverjir standa að þeim.

NR	MÁLEFNI/AÐILAR	ATHUGASEMD	SVÖR KÓPAVOGS OG REYKJAVÍKURBORGAR																										
A.	ALMENNT																												
A.1	<ul style="list-style-type: none"> Ólafur Björnsson, (Vinir Kópavogs) Valgerður Helgadóttir 	<p>Samráð í skipulagsferlinu:</p> <p>Gerðar voru athugasemdir um lítið samráð við íbúa svæða sem eru í nærsvæði vegstæðisins.</p>	<p>Öllum íbúum nærsvæðis framkvæmdarsvæðisins, sem og öðrum sem létu sé málið varða, var boðið að kynna sér deiliskipulagið og áform um framkvæmdina á sameiginlegum kynningarfundum, sem og koma með almennar athugasemdir á auglýsingartíma líkt og lög gera ráð fyrir. Erindið hefur hlotið efnislega meðferð samkvæmt skipulagslögum.</p>																										
A.2	<ul style="list-style-type: none"> Guðmundur G. Gunnarsson Ólafía Pálmadóttir Bernharð Ólafsson Soffía Eiríksdóttir Aleksandra Kojic Heiðar Á. Atlason 	<p>Sprengingar á framkvæmdatíma.</p> <p>Nokkrar spurningar komu fram sem varða sprengingar á verktíma og hvort farið verði í úttektir á húseinnum áður en framkvæmdir hefjast.</p>	<p>Gert er ráð fyrir að húseignir næst vegstæðinu verði teknar út áður en framkvæmdir hefjast, sé hætta fyrir hendur að sprungur geti myndast þegar sprengingar og fleygum mun eiga sér stað. Ábyrgð á þessu er að öllu jafna á höndum verktaka.</p> <p>Hvað varðar hávaða á framkvæmdatíma sem rekja má til vinnu við sprengingar (sérstaklega hávaðasöm framkvæmd) er vísað til reglugerðar nr. 724/2008 hvað varðar hávaða og almennan vinnutíma. Verður þeim viðmiðum fylgt.</p> <table border="1"> <caption>Tafla IV. Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.</caption> <thead> <tr> <th></th> <th></th> <th></th> <th>Upphaf framkvæmda</th> <th>Lok framkvæmda</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td rowspan="3">Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma</td> <td rowspan="2">Háværar framkvæmdir</td> <td>Virkir dagar</td> <td>7:00</td> <td>21:00</td> </tr> <tr> <td>Helgar og almennir fridagar</td> <td>10:00</td> <td>19:00</td> </tr> <tr> <td>Aðrir dagar</td> <td>Ekki heimilt</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td rowspan="2">Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir</td> <td>Virkir dagar</td> <td>7:00</td> <td>19:00</td> <td></td> </tr> <tr> <td>Aðrir dagar</td> <td>Ekki heimilt</td> <td></td> <td></td> </tr> </tbody> </table>				Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda	Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00	Helgar og almennir fridagar	10:00	19:00	Aðrir dagar	Ekki heimilt			Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00		Aðrir dagar	Ekki heimilt		
			Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda																									
Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00																									
		Helgar og almennir fridagar	10:00	19:00																									
	Aðrir dagar	Ekki heimilt																											
Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00																										
	Aðrir dagar	Ekki heimilt																											
A.3	<ul style="list-style-type: none"> Bernharð Ólafsson Soffía Eiríksdóttir Aleksandra Kojic Heiðar Á. Atlason 	<p>Lýsing.</p> <p>Gerð er athugasemd að ekki sé fjallað um lýsingu í deiliskipulaginu.</p>	<p>Búið að bæta við umfjöllum um lýsingu í greinargerðinni þar sem fjallað verður um gatnalýsingu sem og lýsingu stofnstíga á framkvæmdasvæðinu með hliðsjón af þeim lýsingarkröfum sem settar eru fyrir framkvæmdina.</p>																										
B.	UMHVERFISMAT																												
B.1	<ul style="list-style-type: none"> Ólafur Björnsson, (Vinum Kópavogs) Bjarni Gunnarsson Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir Elísabet Jónsdóttir Hjalti Atlason Bernharð Ólafsson Soffía Eiríksdóttir 	<p>Nýtt umhverfismat:</p> <p>Spurningar og ábendingar hlutu af því að það hafi verið óskiljanlegt af hverju ekki var farið í gerð nýs umhverfismats, þar sem svo langur tími hafði liðið frá gerð</p>	<p>Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2021, sem er tilkomin vegna tilkynningar Vegagerðarinnar á breytingu á áður kynntum áformum um gatnamót Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar, var vísað til þess að í 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum geti Skipulagsstofnun eingöngu tekið ákvörðun um að endurskoða þurfi umhverfismat framkvæmdar ef framkvæmdir hefjast ekki innan 10 ára frá því að álit stofnunarinnar lá fyrir. Vísar stofnunin til þess að framkvæmdir við Arnarnesveg hafi í raun byrjað árið 2004 og því eiga ákvæði 12. gr. laganna ekki við í þessu máli og þar með þurfi ekki að gera nýtt umhverfismat vegna framkvæmdarinnar.</p> <p>Þessi ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 8. júlí 2021. Niðurstaða nefndarinnar var</p>																										

	<ul style="list-style-type: none"> ○ Aleksandra Kojic ○ Heiðar Á. Atlason 	<p>umhverfismatsins á sínum tíma.</p> <p>Margir krefjast að farið verði í nýtt umhverfismat áður en framkvæmdir hefjast.</p>	<p><i>að hagsmunir kæranda voru hvorki verulegir né tengdir ákvörðun Skipulagsstofnunar. Ný útfærsla gatnamóta hefði ekki verið líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og var því breytingin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki var talið að kærundur hefðu þá einstaklegu lögvörðu hagsmuni sem eru skilyrði kæruaðildar skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 var kærumálinu vísað frá úrskurðarnefndinni.</i></p>
C.	HLJÓÐVIST		
C.1	<ul style="list-style-type: none"> ○ Guðbrandur Gimmel 	<p>Hljóðstig og hljóðvarnir:</p> <p>Spurningar komu fram hvernig hljóðstig hafi verið reiknað og út frá hvaða tölum hafi verið gengið.</p>	<p><i>Hljóðstig var reiknað út frá umferðarspá fyrir árið 2030. Samkvæmt niðurstöðum úr útreikningum á hljóðstigi mun hávaði frá umferð á Arnarnesvegnum vera undir viðmiðunargildum þeim sem sett eru fram í reglugerð 724/2008 um hávaða.</i></p>
C.2	<ul style="list-style-type: none"> ○ Bernharð Ólafsson ○ Soffía Eiríksdóttir ○ Aleksandra Kojic ○ Heiðar Á. Atlason 	<p>Hljóðveggir og vegstæði:</p> <p>Hversu mikil er þörfin á hljóðveggjum og er hægt að hliðra til fyrirhugaðri byggð til þess að draga úr lengd hljóðveggja.</p> <p>Efasemdir voru um legu á vegstæðisins og þeirrar hljóðmengunar sem hlýst af staðsetningunni.</p>	<p>Tillögu að nýrri byggð á Vatnsendahæð hefur nú þegar verið hliðrað til austurs til þess að draga úr þörf á háum hljóðveggjum. Í deiliskipulagstillögunina var ávallt leitast við því að halda útsýninu og aldrei verða settir hljóðveggir upp af öþörfu. Í deiliskipulagstillögunni eru sett fram val á milli hljóðmanar og hljóðveggjar svo hönnuðir geti valið það sem best þyki hverju sinni. Þó svo að það komi frá á uppdraetti að það komi hljóðmön, getu það verðir mjög lág hljóðmön. Útsýnið á ekki að skerðast.</p> <p>Nokkrar líkur eru til þess að hljóðstig væri hærra hefði vegstæðið verið staðsett fjær núverandi byggð við Kleifakór, sökum þess endurkasts sem nýtur við, vegna núverandi legur vegarins. Það má leiða líkur til þess að hefði vegstæðið verið fjær hefði verið nauðsynlegt að hafa hljóðveggi mun lengri og hærri, og þar með væri veruleg skerðing á útsýni því samhliða.</p>
D.	SAMGÖNGUR		
D.1	<ul style="list-style-type: none"> ○ Oddur V. Þórarinnsson ○ Ívar Ö. Lárusson ○ Ríkharður Sigmundsson ○ Edvard G. Guðnason ○ Kristján Jónsson ○ Bjarni Gunnarsson ○ Helgi S. Ólafsson ○ Elísabet Rakel Sigurðardóttir ○ Valgerður Helgadóttir ○ Bernharð Ólafsson 	<p>Mislæg gatnamót:</p> <p>Margar spurningar voru efnislega af sama meiði og sneru að því, með hvaða hætti komist hafði verið að þeirri niðurstöðu að hafa ljósastýrð plangatnamót.</p>	<p><i>Þriðji áfangi Arnarnesveggar (frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut) hefur lengi verið á skipulagi bæði hjá Vegagerðinni og Kópavogsbæ. Upphaflega var vegstæði vegarins að stærri hluta innan Reykjavíkur.</i></p> <p><i>Niðurstaða samráðs allra veghaldara var að byrja á að gera gatnamót í plani. Í skipulagi er þó gert ráð fyrir mögulegu rými innan skilmálaeiningar í hverfisSKIPULAGI Breiðholts fyrir akreinar frá og að Breiðholtsbraut til austurs að gatnamótum Arnarnesveggar (sem gæti þá myndað nokkurn veginn trompet lausn). Þannig er til staðar rými fyrir síðari tíma ákvörðun og breytingar á skipulagi að breyta hönnun til gatnamótunum ef ástæða þykir til. Núverandi tenging Breiðholtsbrautar – Vatnsendahvarfs mun vera opin umferð án ljósastryngingar, sem hægri inn-hægri út, og dreifa álagi umferðar.</i></p> <p><i>Út frá uppbyggingaráformum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2030 gerir umferðarspá VSÓ ráð fyrir um 23.000 ökutækjum á Arnarnesvegi við Breiðholtsbraut og 35.000 ökutækjum á Breiðholtsbrautinni (háspá). Miðað við þær forsendur að umferð geti</i></p>

	<ul style="list-style-type: none"> ○ Soffía Eiríksdóttir ○ Aleksandra Kojic ○ Heiðar Á. Atlason 		<p>vaxið um 2% á ári sýna niðurstöður afkastaútreikninga að gera megi ráð fyrir að plangatnamótin geti annað umferð Arnarnesvegjar og Breiðholtsbrautar til ársins 2046.</p> <p>Hvað umferðaröryggi varðar þá er leitast við að gera mannvirkið eins öruggt og kostur er og mun umferðaröryggi verða betra en við núverandi aðstæður. Gangandi og hjólandi vegfarendur þvera núverandi gatnamót í plani en munu þvera götur mislægt í nýrri lausn. Öll hönnun vegjar, stíga og gatnamóta mun verða sett í umferðaröryggisrými á öllum stigum hönnunar og skoðuð af vottuðum umferðaröryggisrýnum.</p> <p>Í dag eru öll nærliggjandi gatnamót á Breiðholtsbraut og við Arnarnesveg plangatnamót og er einsleitt gatnakerfi æskilegra til að ná jafnara flæði umferðar milli gatnamóta.</p> <p>Út frá uppbyggingaráformum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2030 gerir umferðarspá VSÓ ráð fyrir um 23.000 ökutækjum á Arnarnesvegi við Breiðholtsbraut og 35.000 ökutækjum á Breiðholtsbrautinni (háspá). Afkastaútreikningar voru gerðir fyrir þrjár mismunandi útfærslur. Niðurstöður afkastaútreikninga sýndu að plangatnamót (valin lausn) ræður vel við þá umferð sem spár gera ráð fyrir til ársins 2030 (með meðaltafir 20 sek á háannatíma). Miðað við þær forsendur að umferð geti vaxið um 2% á ári þá má gera ráð fyrir að plangatnamótin geti annað umferð Arnarnesvegjar og Breiðholtsbrautar til ársins 2046.</p> <p>Hvað umferðaröryggi varðar þá er alla jafna alvarlegri óhöpp við plangatnamót en mislæg gatnamót og ræður þar mestu um hliðarárekstra. Hins vegar má einnig gera ráð fyrir meiri umferðarhraða með mislægum gatnamótum sem aftur á móti getur haft alvarleg áhrif á umferðaröryggi vegfarenda við önnur gatnamót Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar og verri áhrif á hljóðvist. Gangandi og hjólandi vegfarendur þvera núverandi gatnamót í plani en munu þvera götur mislægt í nýrri lausn. Þess að auki mun núverandi tenging Breiðholtsbrautar – Vatnsendahvarfs vera opin umferð án ljósastýringar, sem hægri inn-hægri út. Þar er því hægt að velja að aka inn og út úr hverfinu og sleppa við vinstri beygjur við ljósastýringu, þ.e. hættulegu straumana. Með tilliti til ofangreindra forsenda er því ólíklegt að ný gatnamót muni hafa hærri slysastíðni en núverandi gatnamót.</p>
D.2	<ul style="list-style-type: none"> ○ Ríkhartður Sigmundsson ○ Helga Kristín Gunnarsdóttir (Vinir Vatnsenda-hvarfs) ○ Helgi S. Ólafsson ○ Einar Kristinn Hauksson ○ Hjalti Atlason 	<p>Aðrar gerðir gatnamóta:</p> <p>Hugmyndir voru settar fram hvað varðar aðrar gerðir gatamóta og mögulegar útfærslum á þeim svo komast hefði mátt í veg fyrir að nota ljósastýrð gatnamót. Spurningar voru einnig settar fram hvað varðar möguleika á breytingum eru fyrir hendi ef</p>	<p>Samhliða frumdrögum voru aðrar lausnir við gatnamótin skoðuð; hringtorg og plangatnamót sunnan við Breiðholtsbraut. Í báðum tilfellum var fallið frá áformum, meðal annars því það hefði í för með sér töluverðar raskanir fyrir íbúa og umhverfið á svæðinu þar sem sprengja þyrfti allt að 300.000 m² af jarðvegi með tilheyrandi þungaflutningum, jarðraski, umhverfisáhrifum og kostnaði og sama gildir um göng. Auk þess myndu plangatnamót sunnan Breiðholtsbrautar, göng eða hringtorg hafa í för með sér að tengingar Arnarnesvegjar við Vatnsendaveg væru ekki mögulegar og/eða tenging Tónahvarfs við Vatnsendaveg. Slíkar útfærslur væru því síður til þess fallnar að létta á umferðarþunga Vatnsendahvarfs.</p> <p>Umferðarflæði við hringtorg er heppilegast við gatnamót þar sem allir umferðarstraumar eru svipað stórir, sem er ekki raunin við verðandi gatnamót Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar.</p> <p>Í skipulagi er gert ráð fyrir mögulegu rými innan skilmálaeiningar í hverfisskipulagi Breiðholts fyrir akreinar frá og að Breiðholtsbraut til austurs að gatnamótum Arnarnesvegjar. Þannig er til staðar rými fyrir síðari tíma breytingar ef umferðarþungi skyldi aukast umfram það sem</p>

		umferðarpungi fer yfir afkastagetu gatnamótanna.	<p><i>spár gera ráð fyrir. Núverandi tenging Breiðholtsbrautar – Vatnsendahvarfs mun vera opin umferð án ljósastýringar, sem hægri inn-hægri út. Mun sú tenging aðstoða við að létta á umferð, sérstaklega þeirra sem vilja sækja austur Breiðholtsbraut/inn Vatnsendahvarf og kjósa að sleppa við ljósastýringu fyrir vinstri beygjur.</i></p> <p><i>Hvað varðar þjónustu við veginn má gera ráð fyrir að ofankoma verði svipuð og á Arnarnesvegi við Reykjanesbraut. Er Vegagerðin, veghaldari, meðvituð um þann kostnað sem þarf til að halda veginum greiðum.</i></p>
D.3	<ul style="list-style-type: none"> ○ Edvard G. Guðnason 	<p>Utan svæðis:</p> <p>Svæðið sem gerð er fyrirspurn um liggur ekki innan eða í nærsvæði deiliskipulagsins.</p>	<p><i>Verkefnið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Stærri skoðanir á gatnakerfi Kópavogsbæjar falla því ekki innan þessa verkefnis og voru því ekki skoðaðar. Bent er á skýrslu frá Mannvit frá árinu 2019 um nýtt umferðarspálíkan höfuðborgarsvæðisins eða viðauka við aðalskipulag Kópavogs – umferðarspá frá VSÓ. Þar má sjá hvernig gera má ráð fyrir að umferð muni vaxa samhlíða uppbyggingaráformum sveitarfélaganna. Til samanburðar má benda á að núverandi umferða á Rjúpnavegi við nýja tengingu Arnarnesvegur er um 13.000 ökutæki.</i></p>
D.4	<ul style="list-style-type: none"> ○ Kristján Jónsson ○ Elísabet Rakel Sigurðardóttir ○ Hjalti Atlason ○ Ólafur Björnsson, (Vinir Kópavogs) ○ Hjalti Atlason 	<p>Biðtími og umferðarpungi:</p> <p>Spurningar um afkastagetu og umferðarpunga er svarað hér.</p>	<p><i>Afkastaútreikningar voru gerðir miðað við stærstu klukkustund árdegis og síðdegis miðað við umferðarpunga árið 2030 fyrir þrjár mismunandi lausnir: Plangatnamót sunnan Breiðholtsbrautar, plangatnamót norðan Breiðholtsbrautar og mislæg gatnamót.</i></p> <p><i>Mislæg gatnamót koma betur út í flestum tilfellum en nálægð þeirra við gatnamót Breiðholtsbrautar og Jaðarsels getur haft neikvæð áhrif á afköst gatnamótanna. Plangatnamót sunnan Breiðholtsbrautar komu ekki vel út afkastalega og umferðaröryggislega séð þar sem fléttunarvegalengdir á Arnarnesvegi frá Vatnsendavegi að Breiðholtsbraut voru stuttar.</i></p> <p><i>Niðurstöður fyrir valda lausn, sýna að gera megi ráð fyrir meðaltöfum á bilinu 10-20 sekúndur fyrir gatnamótin í heild sinni (þjónustustig B). Tafir fyrir vinstribeygju strauma geta hins vegar farið upp í 45 sekúndur (þjónustustig D fyrir einstaka strauma). Til samanburðar eru meðaltafir við gatnamót Breiðholtsbrautar – Vatnsendahvarfs á bilinu 35-55 sekúndur í dag (þjónustustig D) og tafir við vinstribeygjustrauma allt að 120 sekúndur (þjónustustig F). Miðað við umferðarpunga árið 2030, og stærstu klukkustund síðdegis, sýna afkastaútreikningar að meðaltali geti 95% raðir orðið allt að 110 m við einstaka strauma (þ.e. í 5% tilfella gætu raðir orðið lengri en 110 m á stærstu klukkustundinni). Til samanburðar sýna afkastaútreikningar að 95% raðir séu 250 m við Vatnsendahvarf í dag (ná langt út fyrir gatnamót) og 200 m á Breiðholtsbraut á stærstu klukkustund síðdegis (ná út fyrir vasa). Bent er á að núverandi tenging Breiðholtsbrautar – Vatnsendahvarfs mun vera opin umferð án ljósastýringar, sem hægri inn-hægri út. Mun sú tenging létta á umferð, sérstaklega þeirra sem vilja sækja austur Breiðholtsbraut/inn Vatnsendahvarfið og kjósa að sleppa við vinstri beygjur á ljósastýringu.</i></p> <p><i>Miðað við þær forsendur að umferð geti vaxið um 2% á ári sýna niðurstöður afkastaútreikninga að gera megi ráð fyrir að plangatnamótin geti annað umferð Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar til ársins 2046.</i></p> <p><i>Bent er á að núverandi tenging Breiðholtsbrautar – Vatnsendahvarfs mun vera opin umferð án ljósastýringar í lok verkefnatímans, sem hægri inn-hægri út. Mun sú tenging aðstoða við að létta á umferð, sérstaklega þeirra sem vilja sækja austur Breiðholtsbraut/inn Vatnsendahvarfið og kjósa að sleppa við vinstri beygjur á ljósastýringu.</i></p> <p><i>Miðað við þær forsendur að umferð geti vaxið um 2% á ári sýna niðurstöður afkastaútreikninga að gera megi ráð fyrir að</i></p>

			<p>plangatnamótin geti annað umferð Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar til ársins 2046.</p>
D.5	<ul style="list-style-type: none"> ○ Helga Kristín Gunnarsdóttir (Vinir Vatnsenda-hvarfs) ○ Valgerður Helgadóttir 	<p>Umferðarþungi við Vetrargarð:</p> <p>Vakin er athygli á því að meiri umferðarþungi mun leiða til meiri hljóðmengunar við Vetrargarðinn.</p>	<p>Vetrargarðurinn er utan við skipulagssvæði Arnarnesvegur og þættir tengdir honum verða leystir samhliða skipulagi garðsins sjálf.</p> <p>Reglugerðir um hljóðvist ná til íbúðarhúsnæðis, en ekki athafnahúsnæðis eða útivistarsvæða. Vel mögulegt er að bæta hljóðvist í Vetrargarðinum með því að móta hljóðmanir þegar hönnun Vetrargarðsins hefst, en garðurinn er utan við deiliskipulagssvæðisins.</p>
D.6	<ul style="list-style-type: none"> ○ Helga Kristín Gunnarsdóttir (Vinir Vatnsenda-hvarfs) ○ Bjarni Gunnarsson ○ Valgerður Helgadóttir ○ Ólafur Björnsson, (Vinir Kópavogs) 	<p>Umferðarspá:</p> <p>Margar spurningar voru um umferðarspár og hvaða forsendur séu fyrir þeim ákvörðunum sem eru teiknar hvað hönnun mannvirkja.</p> <p>Einnig eru settar fram hér forsendur sem snúa að viðbragstíma slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila.</p>	<p>Umferðarspár byggja á skipulagsáformum sveitarfélaga, sem geta breyst. Með breytingum á aðalskipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar hefur því umferðarspá frá fyrri matsáætlun breyst samhliða breytingum á skipulögum. Matsskyldufyrirspurn frá Vegagerðinni, unnin af VSÓ, er hins vegar nokkuð sambærileg þeirri sem VSÓ vann sérstaklega fyrir Arnarnesveginn árið 2020. Ákveðið var að notast við þá spá sem gerð var sérstaklega verkefnið þar sem hún gefur nákvæmari tölur fyrir Arnarnesveginn en sú sem gerð var fyrir aðalskipulagið. Miðað við þá umferðarspá er áætlað að umferð Arnarnesvegur við Vatnsendaveg verði 13.600 ökutæki og umferð á Vatnsendavegi 16.100 ökutæki.</p> <p>Allar forsendur fyrir verkefninu voru tilkynntar umhverfisstofnunar sem mat það að ekki væri þörf á að fara í annað umhverfismat fyrir framkvæmdina. Er það mat framkvæmdaraðila og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu að framkvæmdin sé mikilvæg til að tryggja öryggi íbúa í austurhluta Kópavogs og Breiðholts hvað varðar viðbragðstíma neyðarbíla (sjá https://www.facebook.com/Vegagerdin/videos/131283889119964 sjá mín 18:10). Því var það mat allra hlutaðeigandi að ekki skyldi farið í umhverfismat, þar sem það var ekki skylt samkvæmt lögum og myndi tefja framkvæmdina.</p>
D.7	<ul style="list-style-type: none"> ○ Helga Kristín Gunnarsdóttir (Vinir Vatnsenda-hvarfs) 	<p>Fjarlægð milli vegamóta:</p> <p>Fjarlægð út frá veghönnunarreglum</p>	<p>Fjarlægð frá gatnamótum Jaðarsels – Breiðholtsbrautar að nýjum gatnamótum Breiðholtsbrautar – Arnarnesvegur verður um 600 m (c/c) miðað við nýtt vegstæði.</p>

			<p><i>Samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er það ásætlanleg fjarlægð milli vegamóta í plani.</i></p> <table border="0"> <tr> <td>▪ Vegamót</td> <td>Mislæg / (plan)</td> <td></td> </tr> <tr> <td>▪ Fjarlægð milli vegamóta, $V_h \geq 90$ km/klst.</td> <td>≥ 3.000</td> <td>m</td> </tr> <tr> <td>▪ Fjarlægð milli mislægra vegamóta, $V_h < 90$ km/klst., háð ADU_h</td> <td>$\geq 800 - 2.000$</td> <td>m</td> </tr> <tr> <td>▪ Fjarlægð milli planvegamóta, $V_h < 90$ km/klst., háð ADU_h</td> <td>$\geq 600 - 2.000$</td> <td>m</td> </tr> </table>	▪ Vegamót	Mislæg / (plan)		▪ Fjarlægð milli vegamóta, $V_h \geq 90$ km/klst.	≥ 3.000	m	▪ Fjarlægð milli mislægra vegamóta, $V_h < 90$ km/klst., háð ADU_h	$\geq 800 - 2.000$	m	▪ Fjarlægð milli planvegamóta, $V_h < 90$ km/klst., háð ADU_h	$\geq 600 - 2.000$	m
▪ Vegamót	Mislæg / (plan)														
▪ Fjarlægð milli vegamóta, $V_h \geq 90$ km/klst.	≥ 3.000	m													
▪ Fjarlægð milli mislægra vegamóta, $V_h < 90$ km/klst., háð ADU_h	$\geq 800 - 2.000$	m													
▪ Fjarlægð milli planvegamóta, $V_h < 90$ km/klst., háð ADU_h	$\geq 600 - 2.000$	m													
D.8	<ul style="list-style-type: none"> Ríkharður Sigmundsson 	<p>Annað: Nærsvæði deiliskipulagsins, Ögurhvarf.</p> <p>Gerð eru athugasemdir vegna umferðartafa í nærsvæði skipulagsins, en viðkomandi svæði er ekki hluti af áhrifasvæði deiliskipulagsins.</p>	<p><i>Sammála því að of stutt er á milli gatnamóta Ögurhvarfs og Vatnsendahvarfs og bílastæðis við Skalla, en þetta svæði er hins vegar fyrir utan skipulagið. Væri ágætis hugmynd að setja miðeyju á milli og leyfa einungis hægri inn og hægri út þar. Of mikill halli er á bæði Vatnsendahvarfi og Ögurhvarfi svo að þar sé hægt að koma fyrir hringtorgi.</i></p> <p><i>Gera má ráð fyrir að umferð muni breytast samhliða nýjum gatnamótum og því æskilegt, með tilliti til kostnaðar, að bíða með breytingar þar til eftir framkvæmdir og farið er að skýrast hvernig umferð dreifist á gatnakerfið.</i></p>												
E.	GRÓÐUR OG ÚTIVIST														
E.1	<ul style="list-style-type: none"> Helga Kristín Gunnarsdóttir (Vinir Vatnsendahvarfs) 	<p>Rask á flóru svæðisins:</p> <p>Mikið rask verður á gróðri vegna framkvæmdanna og vegna þess að nýtt umhverfismat hefur ekki verið gert er ekki hægt að meta áhrif framkvæmdarinnar.</p>	<p><i>Óneitanlega verður rask af framkvæmd af þessari stærðargráðu og hefur það áhrif á gróður. Hins vegar eru áætlanir til þess að minnka inngripid sem verður á staðargróður. Farið verður í framkvæmdir til þess að verja ákveðnar tegundir en fjarlægja aðrar, sbr. lúpinu sem hefur að stórum hluta yfirtekið stærsta hluta svæðisins á síðustu árum. Þessi framkvæmd verður gerð í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands eða Umhverfisstofnun sem báðar hafa bent á mikilvægi þess að verja blátoppuna sökum friðunar hennar og stöðu annarrar flóru svæðisins vegna ágengni lúpinu á framkvæmdarsvæðinu.</i></p>												
E.2	<ul style="list-style-type: none"> Elísabet Jónsdóttir 	<p>Skertir útivistarmöguleikar:</p> <p>Bent er á að mikil skerðing verði á útivistarmöguleikum á svæðinu með framkvæmdinni.</p>	<p><i>Vissulega fylgir framkvæmdinni skerðing á því náttúrulega svæði sem er að finna á Vatnsendahæð, hins vegar hefur það svæði ekki verið skipulagt sem útivistarsvæði, þó það hafi að hluta til verið nýtt sem slíkt en hins vegar hefur Elliðaárdalnum verið skipulagður sem slíkur.</i></p> <p><i>Til þess að koma á móts við þetta eru settar fram kvaðir um trjágróður til þess að bæta ásýnd svæðisins og skerma af vegamannvirki og samhliða að verja búsvæði ákveðna plantna því samhliða. Bent er á að aðgengi að útivistarsvæðinu batnar til muna með tilkomu tengi- og stofnstiga og tengir saman útivistarsvæði á Vatnsendahvarfi og Elliðaárdal mun betur en er í dag.</i></p>												
F.	VISTLOK														
F.1	<ul style="list-style-type: none"> Ólafur Björnsson, frá Vinum Kópavogs Guðbrandur Gimmel Guðmundur G. Gunnarsson Ólafía Pálmadóttir Bernharð Ólafsson 	<p>Stærð vistloks:</p> <p>Kallað hefur verið eftir því að stærri hluti vegarins verði með vistlokum eða vegurinn jafnvel að stórum hluta lagður í stökk til að draga úr neikvæðum áhrifum</p>	<p><i>Svæði fyrir vistlok og stærð þess var ákveðinn staður á Arnarnesveginum til þess að eiga kost á því að tengja saman útivistarsvæði sitt hvorum megin við Arnarnesvegin. Ástæðan fyrir því að ekki er farið lengra er af mörgum toga. Þar ber helst að nefna mjög mikinn kostnað, erfiða hæðarlegu sem og erfiðra tenginga við tengibrautir sem myndi krefjast þessi að farið yrði mun lengra inn á útivistarsvæði í Elliðaárdalsins og Vetrargarðsins. Mun meira en þörf er á með núverandi lausn til þess að ná tengingum við aðrar stofn og tengibrautir.</i></p>												



	<ul style="list-style-type: none">○ Soffía Eiríksdóttir○ Aleksandra Kojic○ Heiðar Á. Atlason	framkvæmdarinnar og auka gæði útivistarsvæða.	
G.	LOFTMENGUN		
G.1	<ul style="list-style-type: none">○ Hjalti Atlason	Svifryk og gas: Gerð er athugasemd að ekki sé gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum hvað varðar svifryk.	<p><i>Aukinni umferð um Arnarnesveginum fylgir aukin svifryksmengun en á sama tíma dregst úr mengun á tengibrautum þegar dregur úr umferð á öðrum götum í nærsvæði stofnbrautarinnar. Í tilfalli 3. áfanga Arnarnesvegur er óvíst hve staðbundnu áhrifin verða sökum legu vegstæðisins í landslaginu þar sem vegstæðið þverar háa hæð og við slíkar aðstæður eru minni líkur að uppsöfnun svifryksagna.</i></p> <p><i>Hvað varðar vöktun á svifryki þá stendur til að láta upp snjallmæla til þess að fylgjast með svifryks- sem og annarri mengun í nágrenni Arnarnesvegur.</i></p> <p><i>Með þessu er hægt að fylgjast með breytingum á loftgæðum samhliða breytingu á umferðarpunga á svæðinu og geta gripið til mótvægisáðgerða, sé þess þörf. Mótvægisáðgerðir eru hins vegar einskorðaðar við það að draga úr umferð og draga úr rykmyndandi þáttum, líkt og nagladekkjum. Það er pólitísk ákvörðun að marka þær áðgerðir.</i></p>

Niðurstaða umsagnar EFLU 13. maí 2022:

Með vísan í ofangreindar umsagnir við innsendar athugasemdir frá hagsmunaaðilum og íbúum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar er það mat verkfræðistofunnar EFLU að efnislega hafi verið komið á móts við þær umsagnir og ábendingar sem borist hafa á auglýsingartíma deiliskipulagstillögunnar.

EFLA vill hins vegar undirstrika það að tekið verði fullt tillit til athugasemda snúi að gróðri, jarðminjum og loftgæðum:

1. Setja skal upp snjallmæla (loftgæðamæla) áður en til framkvæmda kemur til þess að fylgjast með loftgæðum á framkvæmdarsvæðinu í samráði við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.
2. Gerð verði áætlun til þess að taka upp og flytja þúfur með brúskum af blátoppu (*sesleria albicans*) úr vegstæðinu og þær geymdar til hliðar við það, áður framkvæmdir hefjist. Eftir að framkvæmdum líkur skal þeim aftur komið fyrir í innan framkvæmdarsvæðisins í nærsvæði þess staðar þar sem þær voru teknar. Þetta skal gert í samráði við Náttúrufræðistofu Íslands, sem hefur boðist til að liðsinna við þennan þátt. Þessu samhliða skal óska eftir nýjum umsögnum, bæði frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands og biðja um mat á þessum mótvægisáðgerðum.
3. Að hluti af grágrýtisurðinni sem er merki um gamla sjávarstöðu verði tekin til hliðar áður en framkvæmdir hefjast og henni komið til baka eftir að framkvæmdum líkur þar sem hún fellur vel að landslagi. Þetta skal gert í samráði við Náttúrufræðistofu Íslands, sem hefur boðist til að liðsinna við þennan þátt.



Samantekt

Þær breytingar sem gerður voru á deiliskipulagsupprættinum sneru að breyttum mörkum skipulagsins í Vatnsendahvarfi sem rekja má til hliðrunar á stíg. Einnig voru breytingar á mótvægisáðgerðum hvað varðar hljóðvist eftir að hljóðkort höfðu verið uppfærð í tengslum við nýtt hverfi í Vatnsendahvarfi. Í greinargerðinni var settur inn nýr kafli sem sneri að lýsingu, umfjöllum um mótvægisáðgerðir hvað varðar staðgróður var uppfærður með hliðsjón af umsögnum sem og kaflin um loftgæði af sömu ástæðu.

Tekið er sérstaklega fram að samhliða auglýstu deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg 3. áfanga voru auglýst breytt skipulagsmörk deiliskipulags Hörðuvalla sem samþykkt var í bæjarráði 24. júní 2003 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 12. nóvember 2003. Athugasemdir bárust og var þeim svarað í umsögn skipulagsráðs Kópavogs dags. 25. mars 2022 og var erindið dags. 17. janúar 2022 staðfest í bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022.

Tekið er sérstaklega fram að samhliða auglýstu deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg 3. áfanga voru auglýst breytt skipulagsmörk deiliskipulags Vatnsenda Athafnasvæði sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. september 2001 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 15. janúar 2002. Athugasemdir bárust og var þeim svarað í umsögn skipulagsráðs Kópavogs dags. 25. mars 2022 var erindið dags 17. janúar 2022 og breytt 4. apríl 2022 staðfest í bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022

Tekið er sérstaklega fram að samhliða auglýstu deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg 3. áfanga voru auglýst breytt skipulagsmörk deiliskipulags Vatnsenda Athafnasvæðis – Tónahvarf 2 sem samþykkt var í bæjarstjórn 9. október 2007. Engar athugasemdir bárust og var erindið dags. 17. janúar 2022 staðfest í bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022.

Tekið er fram að samhliða auglýstu deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg 3. áfanga var auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals er fólst í því að skipulagsmörk deiliskipulags Elliðaárdals var breytt til aðlögunar/samræmis við skipulagsmörk Arnarnesvegjar og minnkaði skipulagssvæði dalsins þannig um 1,7 ha. Ein athugasemd barst á auglýsingatíma og er stefnt að því að afgreiða erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa á sama fundi og deiliskipulag Arnarnesvegjar.

Niðurstaða skipulagsráðs Kópavogs þann ____ maí 2022:

Skipulagsráð samþ./ hafnar framlagða tillögu með áorðnum breytingum

Niðurstaða skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur þann ____ maí 2022:

Skipulags- og samgönguráð samþ./ hafnar framlagða tillögu með áorðnum breytingum